



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Blómlegar byggðir**

*Landnám Íslendinga í Saskatchewan*

**Ritgerð til BA-prófs í Íslensku sem öðru máli**

**Katrín Níelsdóttir  
Maí 2014**

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslenska sem annað mál

# Blómlegar byggðir

*Landnám Íslendinga í Saskatchewan*

Ritgerð til BA-prófs í Íslensku sem öðru máli

Katrín Níelsdóttir

Kt.: 070681-2939

Leiðbeinandi: Gunnar Þór Bjarnason

Maí 2014

## Ágrip

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða að hvaða marki íslenskir vesturfarar tóku þátt í upprunalegu landnámi Evrópubúa á því svæði sem að nú er þekkt sem Saskatchewan í Kanada.

Íslendingar gegndu mikilvægu hlutverki í landnámi Saskatchewan. Landnám Íslendinga í Saskatchewan samanstóð af tveimur hópum sem að komu þangað á mismunandi tíma og eftir ólíkum leiðum. Fyrri hópurinn kom í upphafi ársins 1886 og sá síðari kom eftir árið 1900.

Í þessari ritgerð legg ég áherslu á fyrstu bylgju innflytjenda og landnám þeirra en sá hópur kom annaðhvort beint frá Íslandi eða eyddi mjög skömmum tíma í Manitoba, Kanada eða Dakóta , Bandaríkjunum, áður en hann festi rætur í Saskatchewan.

Fjórar stærstu byggðir Íslendinga sem rætt er um í þessari ritgerð eru Þingvallabyggð, Lögberg, Hólabyggðir og Vatnabyggðir. Fjallað verður um uppbyggingu þeirra milli áranna 1886 og 1900.

## Efnisyfirlit

Ágrip.....	1
Efnisyfirlit .....	2
1. Inngangur.....	3
2. Vesturferðir Íslendinga.....	4
3. Saskatchewan .....	6
4. Landnám Íslendinga í Saskatchewan.....	8
4.1 Íslensk menning í Saskatchewan .....	9
4.2 Atvinnulíf .....	12
5. Þingvallabyggð.....	14
6. Lögberg .....	16
7. Hólahverfi.....	18
8. Vatnabyggðir.....	19
9. Lokaorð .....	21
Heimildaskrá .....	22
Viðbætur.....	23
Nöfn þeirra sem settust að í Þingvallabyggð .....	23
Þingvallabyggð.....	25
Nöfn þeirra sem settust að í Lögbergi .....	28
Nöfn þeirra sem fóru frá Þingvallabyggð og Lögbergi .....	29
Nöfn þeirra sem settust að í Hólahverfi.....	30
Nöfn þeirra sem settust að við Foam-vatn.....	31

## 1. Inngangur

Oft er sagt að Kanada sé mósaík af menningu. Landið var byggt upp af fólki frá mörgum ólíkum löndum. Það kom mismunandi leiðir til Kanada. Það iðkaði fjölbreytt trúarbrögð og hafði ólík gildi. Það talaði mismunandi tungumál. Allir þeir sem fóru til Kanada áttu það sameiginlegt að vilja gefa fjölskyldu sinni tækifæri til að hefja nýtt líf. Það sama á við um alla þá Íslendinga sem fóru frá Íslandi til Kanada.

Það er allþekkt hér á landi að margir Íslendingar fluttust til Kanada. Til eru margir þekktir íslenskir bæir. Sem dæmi má nefna Gimli í Manitoba og Marksville í Alberta. Það er hins vegar minna þekkt staðreynd að Íslendingar fóru líka til Saskatchewan og settust þar að í sveitum og bæjum.

Ég er frá Saskatchewan og hef oft verið spurð að því hvort ég sé Vestur-Íslendingur og svarið er alltaf: „Nei, ég er frá Saskatchewan“. Mér fannst það nægilega skýrt svar. Ég vissi vel að íbúar Saskatchewan geta rakið rætur sínar til hinna ýmsu landa en stór hluti þeirra á forfeður frá Norðurlöndum. Mér fannst því áhugavert að velta upp spurningunni: „Hversu ríkan þátt áttu Íslendingar í uppbyggingu Saskatchewan?“

Markmið mitt er að skoða landnám Íslendinga í Saskatchewan. Þó að almennt sé til mikið af upplýsingum um Íslendinga sem fóru til Kanada, um sögur þeirra og byggðir, þá er töluvert minni upplýsingar að finna um þá sem settust að í Saskatchewan. Við almenna upplýsingaöflun voru eftirfarandi bækur mjög hjálplegar: *Annað Ísland – Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum* og *Örlagasaga vesturfaranna í máli og myndum* eftir Guðjón Arngrímsson. En til þess að afla upplýsinga um það svæði sem nú er þekkt sem Saskatchewan studdist ég einkum við bók sem fjallar um sögu Saskatchewan, *The Story of Saskatchewan and it's People* eftir John Hawkes. Einnig studdist ég við bók sem fjallar sérstaklega um Íslendinga í Saskatchewan, *The Saskatchewan Icelanders – A Strand of the Canadian Fabric* eftir Walter (Valdimar) Jacobsson Lindal. The Geneology Society Saskatchewan veitti mér frekari upplýsingar um byggðir í Saskatchewan.

Í ritgerðinni verður fjallað um landnám Íslendinga í Saskatchewan á árunum 1885–1900. Ég ætla ekki að fjalla um þá sem settust þar að eftir árið 1900, heldur ætla ég að einblína á það tímabil þegar fyrstu Evrópubúarnir fluttust til Saskatchewan.

## 2. Vesturferðir Íslendinga

„Þetta var orðið menningarsamfélag þar sem landnemarnir voru hetjurnar. Þeir voru kjarninn í menningar- og sögu-skoðun sem lofsöng sveitina. Ferðalagið frá gamla landinu og fyrstu árin í hinu nýja voru efni í endalausar sögur og sagnir, skráðar og óskráðar.“<sup>1</sup>

„Stefna Kanada í innflytjendamálum var einföld: Landið var opið nánast öllum sem vildu koma að undanskildum öreigum eða sjúklingum sem ætla mátti að yrðu baggi á ríki eða sveit“<sup>2</sup>

Af þeim 50 milljónum evrópskra landnema sem fóru til Norður-Ameríku, voru 2,5 milljónir, eða aðeins 5%, frá Norðurlöndum.<sup>3</sup> Í manntölum frá þessum tíma voru Vestur-Íslendingar oft flokkaðir með Norðmönnum, Svíum, Dönnum og Finnum sem Norðurlandabúar.<sup>4</sup>

Brottflytningar Íslendinga var hluti af hreyfingu í Evrópu á 19. og 20. öld. Íslendingar voru að fylgja fordæmi nágranna sinna á Norðurlöndum. Pólítískar aðstæður á Íslandi voru óhagstæðar og fjárkláðinn mikli sem olli dauða 200.000 sauðfjár á milli 1856 og 1860 gerði lífið erfitt á Íslandi.<sup>5</sup> Veturinn 1858–1859 var einn sá versti í sögu landsins.<sup>6</sup> Þessar aðstæður ruddu brautina fyrir brottflytningana á árunum 1873–1874. Gosið í Dyngjufjöllum árið 1875 fól stóran hluta af Norður-og Austurlandi með eldfjallaösku og hrakti það marga af heimilum sínum.<sup>7</sup> Einnig var farið að bera á skorti á jarðnæði í sveitum og stuðlaði það að því að fólk var opnara fyrir því að freista gæfunnar og leita tækifæra með því að róa á önnur mið. Árið 1887 var eymdarár og mestu brottflytningarnir fóru fram næsta sumar.<sup>8</sup> Að fara frá Íslandi til Kanada veitti Íslendingum tækifæri sem voru ekki í boði fyrir þá á Íslandi. Það var nóg af landrými í Kanada, sem var ekki í boði á Íslandi. Það gefur mann von um að eiga land og búskap fyrir sig.

Sagt var að Kanada væri land tækifæra. Það fyllti fólk af von um blómlega framtíð sem að ekki var að finna á Íslandi. Þekktur kanadískur vesturfari, John Taylor, gerði lista yfir kosti Kanada:

1. Engar engissprettur.

---

<sup>1</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.43.

<sup>2</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.26.

<sup>3</sup> Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland - Örlagasaga vesturfaranna í máli og myndum*, bls. 26.

<sup>4</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.32.

<sup>5</sup> Wolf og Hjaltadóttir, *Western Icelandic Short Stories*, bls. vii.

<sup>6</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.50.

<sup>7</sup> Wolf og Hjaltadóttir, *Western Icelandic Short Stories*, bls. viii.

<sup>8</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.50.

2. Auðvelt að komast þangað.
3. Miklir hagar og gott til heyskapar.
4. Miklar fiskveiðar.
5. Hvergi er betra hveitirykjuland í Kanada.
6. Nægur viður til húsa, girðinga og eldiviðar.
7. Milli lands og Mikleyjar er góð höfn.
8. Vatnaleiðir eru frá landnáminu á alla vegu.
9. Járnbrautin til Kyrrahafsins liggur rétt framhjá suðurhluta landnámsins.<sup>9</sup>

Það sem að rak fólk af stað var draumur um bjartari framtíð, aðallega fyrir börnin. Það vildi betri lífsgæði fyrir börnin, möguleika á menntun. Fólk vildi taka þátt í að byggja upp nýtt land og það var reiðubúið til þess að leggja á sig mikla vinnu. Það var í raun tilbúið til þess að fórnna sínum lífsgæðum fyrir framtíð barna sinna, í þeirri von að dugnaður þeirra og þrautseigja skilaði sér til komandi kynslóða.<sup>10</sup>

Auði var ójafnt skipt á milli byggða. Ungt og barnalaust fólk var líklegra til að gefast upp.<sup>11</sup>

„Talið er að 30–40% allra þeirra sem fengu land samkvæmt jarðlögum sambandsríkisins í Manitoba, Saskatchewan og Alberta hafi af einhverjum ástæðum hætt við áform sín og freistað gæfunnar annars staðar. Sumir þræluðu árum og jafnvel áratugum saman á landinu sínu en gáfust svo að lokum upp og héldu annað. Draumarnir rættust því ekki alltaf.“<sup>12</sup>

Þrátt fyrir fátækt á Íslandi, elskuðu Íslendingar enn heimaland sitt og hugsuðu til þess af hlýjum hug.<sup>13</sup>

Í Vesturfaraskrá Júníusar H. Kristinssonar eru 14.268 vesturfarar nefndir (á milli árána 1870–1914) og er talið að alls hafi um 20.000 manns farið frá Íslandi.<sup>14</sup>

Kirkjan var mjög mikilvægur hluti af menningu Íslendinga í Kanada. Mjög fljótlega eftir komuna vestur var hafist handa við að byggja kirkjur. Prestar sáu um athafnir sem að tengdust kirkjunni til að mynda sálgæslu, skírnir, fermingar, giftingar og útfarir. Peningum var safnað með söfnunarskál sem að gekk manna á milli í kirkjum. Þessir peningar voru notaðir til að

<sup>9</sup> Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland - Örlagasaga vesturfaranna í máli og myndum*, bls.123.

<sup>10</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.50.

<sup>11</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland- Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.51.

<sup>12</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland- Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.51.

<sup>13</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.50.

<sup>14</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland- Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.34.

greiða presti og stuðla að viðhaldi hússins. Innan kirkjunnar störfuðu ýmiss konar klúbbar og félög, kvenfélög, bindindisfélög, ungmennafélög og sunnudagaskólar.<sup>15</sup>

„Því hlýnaði mönnum um hjartætur við að geta farið á sunnudögum í íslensku kirkjuna, hitt þar Íslendinga og fengið guðsorð á íslensku, alveg eins og heima.“<sup>16</sup>

### 3. Saskatchewan

Kort af Saskatchewan<sup>17</sup>



[https://www.maps.com/ref\\_map.aspx?pid=12332](https://www.maps.com/ref_map.aspx?pid=12332)

Saskatchewan er eina fylkið í Kanada þar sem landamæri eru algjörlega ákveðin af mönnum. Það liggur að Bandaríkjunum til suðurs, að Northwest Territories til norðurs og að Manitoba og Alberta til austurs og vesturs. Saskatchewan var aðskilið frá Northwest Territories árið 1905, á sama tíma og Alberta.<sup>18</sup>

<sup>15</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.128.

<sup>16</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.127.

<sup>17</sup> Kortið var tekið af vefsíðunni [https://www.maps.com/ref\\_map.aspx?pid=12332](https://www.maps.com/ref_map.aspx?pid=12332).

<sup>18</sup> <http://www.thecanadianencyclopedia.com/en/article/saskatchewan/>.



Nafnið var fyrst notað opinberlega á hverfi í Northwest Territories árið 1882, það er dregið af enskri útgáfa af Cree orðinu, kisiskâciwanisîpiy, sem þýðir „skjótt flýtur áin“.<sup>19</sup>

Loftslag Saskatchewan sveiflast á einu ári frá einum öfgum yfir í aðrar. Þar er að finna köld snjóþung svæði í norðri, hófsamari svæði í kornbeltinu, og hálfþurrar sléttur í suðvestri. Í janúar er hitastig langt undir frostmarki allt að -50°C og í júlí er hitastig í kringum 40°C samkvæmt skráningu. Alla jafna er hiti vel undir frostmarki í janúar og í júlí er mikill hiti. Dagar án frosts geta verið um 60 til yfir 100 á ári hverju.<sup>20</sup>

Vísbendingar um búsetu indíána í Saskatchewan má rekja að minnsta kosti til 10.000 f. Kr. Fyrstu evrópsku landkönnuðirnir komu til Kanada seint á 17. öld og voru flestir að leita að leiðum til þess að eiga viðskipti með skinn. Á 19. öld komu þangað vísindamenn sem höfðu áhuga á að auka þekkingu á svæðinu. Raunveruleg byggð hófst í kringum árið 1873. Á þeim tíma var landtaka frjáls og varð mikil aukning á landnámi á þessum tíma.<sup>21</sup>

Árið 1871 hóf kanadíska ríkisstjórnin samningaviðræður við indíána í norðvestri í því skyni að koma í veg fyrir frekari kröfu þeirra til lands og til að forðast uppreisn þeirra. Markmiðið var einnig að auðvelda stækkun í vestur. Sáttmálinn árið 1871 var sá fyrsti af mörgum og var ellefti sáttmálinn undirritaður árið 1923. Hlutar af sáttmálum tvö, fjögur, fimm, sex, sjö, átta og tíu tóku til þess svæðis sem í dag er þekkt sem Saskatchewan. Leiðtogar indíána (innfæddra) undirrituðu þessa sáttmála til þess að vernda menningu sína og hefðir og til að gefa fólki sínu kost á að lifa áfram samkvæmt þeim. Þetta var í raun örþrifarád af hálfu indíána sem að þeir neyddust til að gripa til vegna þeirra miklu áskoranna sem þeir stóðu frammi fyrir vegna ágangs evrópskra landnema og hrikalegs hruns Buffalos-stofnsins.<sup>22</sup>

Árið 1872, samþykkti þing Kanada einnig í fyrsta sinn Dominion-landslög. Í þeim voru ákvæði um landnema og var markmið þeirra að örva fólksflutning á svæðið. Árið 1882–83 voru fyrstu járnbrautarlínurnar lagðar yfir svæði í suðurhluta Saskatchewan, í gegnum Regina og Moose Jaw. Allar forsendur til búsetu voru því til staðar fyrir evrópska innflytjendur vel fyrir árið 1900.<sup>23</sup>

Innflytjendarád Saskatchewan á þessum tíma mótaði Saskatchewan-hérað í það sem það er nú. Fjöldi innflytjenda hafði það í för með sér að mikill hluti af landinu var tekinn í notkun,

<sup>19</sup> <http://www.thecanadianencyclopedia.com/en/article/saskatchewan/>

<sup>20</sup> <http://www.thecanadianencyclopedia.com/en/article/saskatchewan/>

<sup>21</sup> <http://www.thecanadianencyclopedia.com/en/article/saskatchewan/>


<sup>22</sup> <http://www.thecanadianencyclopedia.com/en/article/saskatchewan/>

<sup>23</sup> <http://www.thecanadianencyclopedia.com/en/article/saskatchewan/>

jafnvel óæskilega mikill hluti og framleiðsla jókst verulega. Þessi mikla framleiðsla var mjög góð fyrir hagkerfi Kanada. Þetta kom af stað fjármagnsflæði sem að þarf til að byggja upp og þróa borgir. Í raun má segja að streymi innflytjenda hafi sett verulegan þrýsting á kanadísku ríkisstjórnina að styrkja innviði Kyrrahafsjárnbrautarinnar (Canadian Pacific Railway) og til að koma upp fráveitum í borgum. Innflytjendur í Saskatchewan sáu einnig til þess að mikil þörf var á vinnuafli til að viðhalda þessari þjónustu.<sup>24</sup>

Margir landnemar frá Evrópu töldu sig hafa verið blekktá við komu sína til Saskatchewan. Þeim hafði verið talin trú um að í Saskatchewan væru ávaxtatré, lækir fullir af fiski og jafnvel vísundar til veiða. Raunveruleikinn var annar. Þeir mættu miklum erfiðleikum, uppskera brást stundum vegna frosts og ágangs nagdýra og lágt verð var á afurðum.<sup>25</sup>

#### 4. Landnám Íslendinga í Saskatchewan



„Í Saskatchewan eiga Íslendingar blómlegar byggðir.“<sup>26</sup>

Nýbyggð Íslendinga í Saskatchewan er yfirleitt skipt í tvo hópa. Hópunum er skipt niður eftir komutíma sem og eftir þeirri leið sem var farin. Fyrsti hópurinn kom árið 1885 og var sá

<sup>24</sup> Hawkes, *The Story of Saskatchewan and its People – Volume II*, bls. 681.

<sup>25</sup> Hawkes, *The Story of Saskatchewan and its People – Volume II*, bls. 722.

<sup>26</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls. 52.

hópur nýkominn til Kanada. Hinn hópurinn kom eftir 1900. Þessi hópur hafði þá þegar eytt töluverðum tíma í Norður-Ameríku, áður en hann kom til Saskatchewan.<sup>27</sup>

Seinni hópur landnema hafði verið í Kanada eða Ameríku í nokkur ár áður en hann kom til Saskatchewan. Margir komu frá Norður-Dakóta eða Manitoba þar sem byggðir voru þegar orðnar fjölmennar. Á þeim tíma sem seinni hópurinn kom til Saskatchewan höfðu þeir sem fyrr komu þegar aðlagast aðstæðum. Meirihluti þessa hóps landnema settist að við Foamvötn.<sup>28</sup> Ekki verður frekar fjallað um þennan hóp í þessari ritgerð.

Fyrri hópurinn kom beint frá Íslandi. Þessi hópur kom um það bil 15–20 árum á undan hinum hópnum. Hópurinn hafði staldrað við í 2 til 3 ár í Winnipeg eða annars staðar en ekki sest þar að. Hópurinn var því í vissum skilningi enn á ferð þegar komið var til Saskatchewan.<sup>29</sup>

Úr þessum hópi mynduðust fjögur hverfi. Fyrsta byggðin var stofnuð af Íslendingum árið 1885.<sup>30</sup> Fjórar nýjar byggðir voru stofnaðar og var lífið mjög svipað í þeim öllum fyrstu áratuginum. Það voru enskumælandi nágrannar einungis í aðliggjandi hverfum. Öll fjögur svæðin áttu það sameiginlegt að hafa áður verið óbyggt villt land fyrir komu Íslendinganna.<sup>31</sup>

Fáir átta sig á að Saskatchewan var eitt sinn stærsta og fjölmennasta íslenska samfélagið fyrir utan Ísland. Stærsta landnámssvæðið var Vatnabyggðir. Landnáms tímabil héraðsins var seint á 19. öld og snemma á 20. öld.

Fyrstu fjögur landnámsvæðin eða hverfin í Saskatchewan þar sem að Íslendingar settust að voru Thingvalla (Þingvallabyggð), Logberg (Lögberg), Holar (Hólar) og Foam Lake (Foamvatn). Í þessari ritgerð verður hér eftir notast við íslensk heiti þessara svæða.

#### 4.1 Íslensk menning í Saskatchewan

Margar bækur voru fluttar frá Íslandi. Meðal þeirra voru: *Vídalínspostilla* Jóns biskups Vídalíns - d. 1720, sem var gríðarstór bók, hún var yfir 700 síður og þótti hún nauðsynlegt lesefni hjá mörgum á Íslandi. *Hugvekjur til kvöldlestra frá veturnóttum til langaföstu* eftir Pétur Pétursson, 1808–1891. Þessar bækur fylgdu fjölskyldum í gegnum kynslóðirnar. Þær bækur sem hafa varðveist bera það með sér að þær hafa ekki setið ónotaðar upp í hillu heldur verið mikið lesnar. Annað mikilvægt rit voru *Passíusálmar* eftir séra Hallgrímur Pétursson

<sup>27</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.47.

<sup>28</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.48.

<sup>29</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls. 47.

<sup>30</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.48.

<sup>31</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.47.

1614–1674. Þessi bók var ekki í boði á hverju heimili en mæður kunnu sálmana oft utanbókar og kenndu börnum sínum þá. Margar sögur fylgdu fólkinu yfir hafið og var þeim oft deilt á milli heimila. Skáldverk voru einnig tekin með frá Íslandi. Dæmi um slík verk er *Piltur og Stúlka* eftir Jón Thoroddsen. Einnig má nefna aðrar bækur, *Landafræði* 1827, *Húss Tabla* 1774 og jafnvel sumar þýðingar eins *Frithiofs Saga* eftir E. Tegnér og *Manfred* eftir Byron lávarð. Bækur voru notaðar til þess að halda við íslenskunni og til að miðla íslenskri menningu og sögu áfram til barnanna.<sup>32</sup>

Fjölskyldur ræddu oft saman um það sem verið var að lesa, gamlar hetjur og skúrka úr fornsögum. Njáll, Gunnar, Grettir, Bergþóra, Flosi og fleiri vöknudú til lífs. Skipst var á skoðunum og voru söguhetjur ýmist dáðar eða fyrirlitnar. Með þessum hætti héldu íslensku innflytjendurnir menningararfi sínum á lofti og miðluðu honum áfram til barna sinna.<sup>33</sup>

Margir landnemar fluttu rokka með sér frá Íslandi. Á hverju heimili var rokkur. Mæður og aðrar fullvaxnar konur sáu um að spinna. Íslendingar notuðu líka sérstaka aðferð við að þrjóna. Íslenska aðferðin er talin erfiðari en hin hefðbundna kanadíska.<sup>34</sup>

Sú venja Íslendinga að lesa á kvöldin var fest í sessi í Kanada. Tvö íslensk blöð komu út einu sinni í viku í Winnipeg, *Heimkringla* og *Lögberg*. Sumar fjölskyldur höfðu ekki efni á að kaupa bæði blöðin. Þá var oft brugðið á það ráð að skiptast á dagblöðum. Venjan var sú að blöðin voru lesin upphátt fyrir heimilismenn. Seinna hófu blöðin að birta skáldskap og var það þá gert í formi „neðanmálssagna“ neðst á síðum blaðsins. „Sá siður að skiptast á dagblöðum hefur haldist áfram til dagsins í dag,“ skrifaði Lindal um miðja 20.öld.<sup>35</sup>

„Íslensku blöðin, *Lögberg* og *Heimskringla*, gegndu mikilvægu hlutverki fyrir kaupmenn og aðra sem koma þurftu skilaboðum til íslenska samfélagsins.“<sup>36</sup>

„Það skynjaði því fljótt mikilvægi þess að kunna ensku. Á vinnustað, þar sem peninga var aflað, urðu menn að tala og skrifa ensku. Í verslun og viðskiptum, þar sem þeim var eytt, urðu menn að tala og skrifa á ensku.“<sup>37</sup>

<sup>32</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.51–52.

<sup>33</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.52-53.

<sup>34</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.75.

<sup>35</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.62.

<sup>36</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.103.

<sup>37</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.179.

Íslendingar voru mjög áhugasamir um að læra ensku. Þeir lærðu ensku við vinnu sína á bújörðum og við járnbrautir. Í viðbót við þetta lásu þeir heima á ensku. Fyrstu árin var þetta talið skylda.<sup>38</sup> Íslendingar voru mjög fljótir að læra ensku og það hjálpaði þeim mikið.<sup>39</sup>

Íslenska var bara eitt af mörgum tungumálum frá Evrópu sem að talað var á þessum tíma í Kanada. Öll áttu þau þó það sameiginlegt að enskan tók yfir á endanum. Þróunin var með svipuðum hætti hjá öllum innflytjendum:

Þróunin tekur nokkra áratugi og kynslóðir og er fremur einföld: Fyrst eftir komuna vestur talar fólk aðeins móðurmálið sitt. Síðan tekur við alllangt tímabil þar sem það er tvítengt, talar móðurmálið á heimili sínu og ensku að öðru leyti – og slettir á báðum málum. Að lokum færast enskan inn á heimilið og móðurmálið glatast.<sup>40</sup>

Þeir Íslendingar sem að fluttust til Kanada gengdu mikilvægu hlutverki í landnámi og í uppbyggingu landsins. Þeir voru staðráðnir í því að aðlagast aðstæðum. Þetta gerðu Íslendingar meðal annars með því að læra tungumálið og með því að leggja áherslu á að börnin gerðu slíkt hið sama. Það varð til þess að aðfluttir Íslendingar áttu auðvelt með að aðlagast hinu enskumælandi samfélagi.

Börnin töluðu ensku í skólanum en kennarar, með stuðningi foreldra, samþykktu það. Foreldrarnir vöndu sig á að tala við börnin á ensku frekar en íslensku þegar enskumælandi fólk var viðstatt.<sup>41</sup>

Til að byrja með var íslenskum börnum í Kanada kennt heima eins og gert var á Íslandi. Börnunum var kennt að lesa og skrifa sem og einföld stærðfræði. Á heimilinu var mest áhersla lögð á lestur. Þetta var gert til að varðveita íslenska tungu og menningararfleifð frá Íslandi. Á þeim tíma sem börnin byrjuðu að ganga í skóla voru þau yfirleitt vel læs á íslensku. Fjölskyldur ræddu oft sín á milli um það hvað börnin voru að lesa. Börnin sóttu aðeins skóla 6 mánuði ársins. Menntun barnanna var talin það mikilvæg að sagt er að um leið og íslenskir landnemar höfðu komið sér upp þaki yfir höfuðið var hafist handa við að byggja skóla fyrir börnin.<sup>42</sup>

---

<sup>38</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.60.

<sup>39</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.179.

<sup>40</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.177.

<sup>41</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.60.

<sup>42</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.52-53.

Tákn fyrir hljóð eru ólík í ensku og á íslensku. Til dæmis er „æ“ á íslensku „i“ á ensku. Sum íslensk hljóð eru bara ekki til í ensku eins og „u“ og „g“. Stundum þegar enskmælandi aðili reyndi að segja íslenskt nafn var það óskiljanlegt.<sup>43</sup>

Til að aðlagast kanadísku samfélagi frekar, var mörgum íslenskum eftirnöfnum breytt til að falla að enskri tungu. Dæmi: Jónsson varð að „Johnson“, Árnason varð að „Anderson“, Guðmundsson varð að „Goodman“ eða „Goodmanson“, Stefánsson varð „Stevenson“ eða „Stevens“ eða „Stephanson“ og svo framvegis.<sup>44</sup> Sú hefð að gefa barni eftirnafn sem byggir á skírnarnafni föður síns hvarf því fljótlega.<sup>45</sup>

Íslendingar breyttu ýmist nöfnum sínum eða héldu þeim óbreyttum, sérstaklega ef framburður var eins í ensku og á íslensku. Sumir aðlöguðu nöfn sín að enskri tungu, t.d. var Aðalheiði breytt í Allie, Björn og Bjarni verður Barney, Haraldur verður Hal og svo framvegis. Einnig fóru margir þá leið að nota gælunafn sitt sem var oftast þjálla í framburði. Dæmi um þetta er, þeir sem hétu Sigurður og Sigurkarl voru kallaðir Siggi.<sup>46</sup>

## 4.2 Atvinnulíf

Það var ljóst að landbúnaðurinn byggðist á því að rækta hveiti til útflutnings. Á Íslandi var kvikfjárrækt en engin kornrækt. Þetta þýddi að Íslendingar höfðu einhverja þekkingu á búfé en ekki á hveitibúskap. Það var nýbyggð í nálægð við kornakra. Landnemar fengu störf á bæjum, ekki aðeins til þess að afla sér peninga, heldur einnig til að fá tækifæri til að læra búskap í nýju landi.<sup>47</sup>

Það var lítið um vélar og voru þær því lítið notaðar. Fyrst var korni sáð af hendi í Þingvallabyggð og Lögbergi. Hveitiræktun gekk ekki vel fyrstu árin. Þetta var karlmannsvinna sem að gekk hægt vegna skorts á vélum og vegna þess að jörð fraus snemma á árinu. Nokkrum árum síðar var kornræktun tekin upp aftur með mun betri árangri. Frá þeim tíma var meiri raki í loftinu og Íslendingar höfðu einnig öðlast meiri reynslu með því að vinna á nálægum bæjum. Betri vélar voru einnig í boði.<sup>48</sup>

<sup>43</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls. 180.

<sup>44</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls. 180-182.

<sup>45</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.60.

<sup>46</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls. 181-182.

<sup>47</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.57.

<sup>48</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.57.

Mjólkurkýr voru til staðar og mjólkinn var drukkin en hún var einnig notuð til skyr-, mysu-, og ostagerðar. Sumir voru með hænur. Eftir að mjólkurverksmiðjur voru byggðar þá var egg og smjör notað til að skipta á dagvöru.<sup>49</sup>

Fólki var ráðlagt að kaupa naut í stað hesta. Þau voru ekki aðeins ódýrari en hestar heldur var auðveldara að meðhöndla og þjálfa þau til að draga búvélar heldur en hestana. Nautin gáfu líka af sér mjólkurvörur sem nýttust fjölskyldunni.<sup>50</sup> Af þessum ástæðum voru nautin mjög vinsæl á þessum tíma. Einnig var það talinn kostur að nautin áttu auðveldara með að vinna í kuldunum.<sup>51</sup>

Veturinn 1892–1893 var kallaður „harði Veturinn“. Hann byrjaði 7. október. Steini B. Ólson, sonur eins af fyrstu íslensku landnemunum, sagði eftirfarandi sögu:

Það var stormur sem að geysti þennan vetur. Þriggja daga snjóstormur geysti með miklum snjó og fellibyl. Veðrið var svo slæmt að það var ekki hægt að fara út til að leita að skepnunum og um 75% af héraðinu var þakið snjó. Leitin af dýrunum hófst þegar veðrinu slotaði og margar hjarðir fundust mjög langt frá heimilum sínum en þær höfðu fokið í burt. Ein hjörð villtist 48 kílómetra í burtu á meðan sjö kýr frá annarri hjörð hafði fórust í snjónum. 27. apríl sama ár á þessum erfiða vetri kom annar snjóstormur sem stóð einnig í þrjá daga. Að jafnaði var aðeins einn snjóstormur á vetri hverjum og var hann yfirleitt í október.

Helgi Árnason segir að Íslendingar hefðu ekki misst allar birgðir en Ólson segir að tjón hafi verið mjög mikið. Margir bændur misstu fé sitt úr hor.<sup>52</sup> Veturinn 1887–1888 var einnig erfiður, það snjóaði mikið og djúpur snjór lá yfir öllu.<sup>53</sup>

Í Þingvallabyggð og Lögbergi voru miklir þurrkar á árunum 1890–1895. Bera fór á vatnsskorti og þurrkuðust jafnvel vatnsholur upp. Þó að þurrkar séu algengir á grassléttum höfðu Íslendingar enga reynslu í að takast á við það. Talið er að sumarið 1892 hafi öll mýrarfen á svæðinu þornað upp. Sambands-ríkisstjórnin sendi aðstoð til þess að bora vatnsholur í leit að vatni en það bar ekki mikinn árangur.<sup>54</sup>

---

<sup>49</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.75-76.

<sup>50</sup> Hawkes, *The Story of Saskatchewan and its People – Volume II*, bls.721.

<sup>51</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.84-85.

<sup>52</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.59.

<sup>53</sup> Hawkes, *The Story of Saskatchewan and its People – Volume II*, bls.721.

<sup>54</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.91.

## 5. Þingvallabyggð

Þingvallabyggð var nefnd eftir Þingvöllum, staðnum á Íslandi þar sem Alþingi kom saman í mörg ár eftir að það var stofnað.<sup>55</sup> Þingvallabyggð lá 400 kílómetra vestur af Winnipeg og var ein helsta nýlendan í Saskatchewan. Þingvallabyggð er elsta byggðin í Saskatchewan.<sup>56</sup>

Þingvallabyggð var miðstöð íslenskra nýlendna. Þingvallabyggð er rétt norðan við bæinn sem nú heitir Churchbridge. Á þessu svæði voru margar þýskar nýlendir, til dæmis Bereseena, Hofendahl, Landshutt og Langenburg.<sup>57</sup>

Fyrstu þrír mennirnir til að skrá bæi á þessu svæði voru Jón Magnússon, Einar S. Suðfjörð og Björn Ólafsson. Jón Magnússon byggði fyrsta húsið á svæðinu haustið 1885.<sup>58</sup>

Í febrúar 1886 gekk Einar Suðfjörð út að nýja bænum og kom að húsi sem Jón Magnússon hafði byggt, síðan hélt hann áfram þar til hann kom að svæði sem hann taldi vera hans og byrjaði að byggja. Eftir aðeins átta daga vinnu hafði hann einn reist vegg og hluta af þaki. Í mars 1886 hófu Jón Magnússon og Björn Ólafsson að byggja hús fyrir Björn. Vorið kom og snjórinn byrjaði að bráðna, jarðamörk urðu þá sýnileg aftur og var þá ljóst að Einar Suðfjörð byggði hús sitt á röngum stað, það var ekki einu sinni á hans jörð. Eftir þessa uppgötvun tóku mennirnir þrír, Einar, Jón og Björn, niður húsið og fluttu það á rétt tún og endurbyggðu það. Næst fóru þeir saman og byggðu hús fyrir Björn.<sup>59</sup>

Á þessum tíma höfðu þrjár íslenskar fjölskyldur sest að í Saskatchewan. Það voru þau Einar Suðfjörð, Guðbjörg kona hans ásamt fjórum stúlkum en þær hétu Sigríður, Monica, Kristin og Maria. Kona Bjarnar Ólafssonar og börn þeirra, Guðný, Jónína og Þorsteinn. Þorsteinn breytti nafni sínu í Steini B. (Bjarnson) Olson. Þriðja fjölskyldan var Narfi Halldórsson, kona hans Ástríður og sonur þeirra Guðbrandur, þau völdu sér eftirnafnið Narfason.<sup>60</sup>

Helgi Jónsson var í hópi fjórtán manns sem ferðaðist í gegnum Shellmouth og Þingvallabyggð í apríl og maí. Björn Ólafsson var í Shellmouth að vinna í sögunarverksmiðju meðan hinir fóru til Þingvallabyggðar. Sögunarverksmiðjan var síðar flutt til Millwood og Björn Ólafsson flutti við það.<sup>61</sup>

---

<sup>55</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.82.

<sup>56</sup> Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland - Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, bls.179.

<sup>57</sup> Hawkes, *The Story of Saskatchewan and its People – Volume II*, bls.721.

<sup>58</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.82.

<sup>59</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.83.

<sup>60</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.83.

<sup>61</sup> Lindal, *The Saskatchewan Icelanders – A strand of the Canadian Fabric*, bls.84.



Sumarið 1886 kom Helgi Árnason til Millwood. Tvær fjölskyldur héldu saman áfram til Þingvallabyggðar. Fyrsta árið bjuggu þær saman í húsi. Jarðvegi var þjappað saman í vegg og byggt utan um hann með timbri. Torf var notað á þakið. Sagt er að húsið hafi líkst kleinuhring. Það var byggt við hól sem hafði verið grafið í.<sup>62</sup>

Fimmtán íslenskar fjölskyldur fluttu til Þingvallabyggðar sumarið 1886.

Þann 12. ágúst 1887 kom hópur Íslendinga til Winnipeg. Hópurinn vann þar við uppskeru og hélt áfram ferð sinni. Þann 22. september 1887 valdi þessi hópur, (fyrir utan tvo bræður) sér fimm jarðir nokkra kílómetra frá bæ sem nú heitir Tantallon. Þann 11. október 1887 bættust bræðurnir Tómas Paulson og Árni Johnson í hópinn.<sup>63</sup> Fleiri Íslendingar komu næsta vor.<sup>64</sup>

Helgi Jónsson var ritstjóri hins skammlífa íslenska dagblaðs sem hét *Leifur* og var gefið út í Winnipeg. Þetta var fyrsta íslenska dagblaðið sem gefið var út í Winnipeg. Helgi Jónsson var einnig landnámsumboðsmaður fyrir ríkisstjórn Kanada, það er að segja hann hjálpaði til við að opna svæði fyrir byggð. Hann opnaði verslanir á svæðum þar sem að gert var ráð fyrir að járnbrautarspor yrðu lögð. Helgi átti í samstarfi við Bjarna W. Westmann í viðskiptum. Helgi Jónsson lést árið 1887 en Bjarni Westmann hélt áfram för sinni og settist að í Churchbridge.<sup>65</sup>

Strax í upphafi voru stigin skref til að mynda kirkjuhópa en það var ekki biskup á svæðinu í mörg ár. 36 manns byrjuðu frá 23 mismunandi fjölskyldum á svæðinu. Fyrstu yfirmenn kirkjuráðs voru Tómas Paulson, Árni Johnson, Jón Ögmundsson, Sigurður Johnson og Christjan Helgason. 1888 var Jón Bjarnason trúarleiðtogi og fyrsti forseti Icelandic Lutheran Synod. Hann heimsótti Þingvallabyggð og prédikaði í skólanum. Eftir það ferðaðist yfirmaður kirkjunnar oft um og heimsótti hverfin. Formlegt helgihald var óalgengt og langt var á milli þeirra, stundum var því jafnvel sleppt. Samfélögin héldu sjálf guðspjónustur á heimilum.<sup>66</sup>

Árið 1888 var stofnaður söfnuður sem var kallaður Íslenski Lútherstrúarsöfnuðurinn (Icelandic Lutheran Synod) í hverfi sem að var kallað austurhverfi af Íslendingum.<sup>67</sup> Þann 14. mars 1891 var haldinn fundur á Þingvöllum og var ákveðið að byggja félagsheimili. Þessi ályktun var samþykkt af Ólafi Guðmundssyni og að byggja ætti sal eins fljótt og auðið væri. Einar Suðfjörð útvegaði landið fyrir bygginguna. Thomas Pálsson hafði umsjón með

---

